

SKATTSPOR FERÐAÞJÓNUSTUNNAR

Hvert er framlag
ferðaþjónustunnar til
samfélagsins?

Fimmtudaginn 7. desember 2023 á Hótel Reykjavík Grand

SKATTSPOR
FERÐAÞJÓNUSTUNNAR



KYNNING Á SKATTSPORI FERÐAÞJÓNUSTUNNAR 2022



Magnús Árni Skúlason
Framkvæmdastjóri Reykjavík Economics





Skattspor ferðapjónustunnar

Samtök ferðapjónustunnar og Samtök atvinnulífsins

info@reconomics.is

Desember 2023

Skattspor fyrirtækja og atvinnugreina


- Atvinnugreinar sem og stórfyrirtæki hafa verið undir sívaxandi þrýstingi að gera grein fyrir skattspori sínu.
- Sérstaklega þau fyrirtæki sem starfa víða um heim í mismunandi skattaumhverfi.
- Stjórnámálamenn sem og aðrir hagaðilar hafa því krafist þess að fyrirtæki sem og atvinnugreinar geri betri grein fyrir framlagi sínu til sameiginlegra málaflokka.
- Lengi hefur verið óljóst hvaða skatta og gjöld fyrirtæki greiða og hversu mikið þau greiða í heild.
- Ársreikningar fyrirtækja og hefðbundnar reikningsskilaaðferðir gera einungis grein fyrir tekjuskatti fyrirtækja en ekki öðrum gjöldum og sköttum sem greiddir eru af fyrirtækjum eða atvinnugreinum í heild.




Snertifletir virðisæðju ferðapjónustunnar eru margir og fjölbreyttilegir

Heimild: Deutsche Gesellschaft für Internationale Zusammenarbeit.

Verðmætasköpunarkerfi ferðapjónustu




Hverjar eru einkennandi greinar ferðaþjónustu?






Á Íslandi hefur byggst upp hugverkaiðnaður í tengslum ferðaþjónustuna. Hann er ekki innan einkennandi greina ferðaþjónustunnar. Þessi iðnaður er alþjóðlegur í eðli sínu.

Forsendur um starfskjör í ferðapjónustu





Ferðapjónusta hefur á örskömmum tíma lagt verulega til vergrar landsframleiðslu (VLF) en árið 2022 var hlutdeild hennar 7,8% en fór hæst í 8,2% árið 2019






Samkvæmt tölum Eurostat er Ísland með 3. hæsta hlutfall ferðapjónustu til vergs vinnsluvirðis

Flug og ferðapjónusta er stór hluti útflutnings þjóðarinnar






Heimild: Hagstofa Íslands

...og framlag hennar áberandi þegar tölur um þjónustujöfnuð eru skoðaðar

Neysla erlendra ferðamanna nam um 390 milljörðum króna á árinu 2022



Forsendur skattspors og aðferðafræði – Starfsemi fyrirtækja í einkennandi greinum ferðaþjónustu snerta mjög marga þætti hagkerfisins

- Horft var til eftirfarandi gjalda, skatta, framlaga og styrkja.
- Tekjuskattur fyrirtækja.
 - Einkahlutafélög eru algengasta rekstrarformið á Íslandi og leggst 20% tekjuskattur á hagnað.
- Mótframlag atvinnurekenda í lífeyrissjóð.
 - Lágmarksiðgjald í lífeyrissjóð er 15,5% af launum. Mótframlag vinnuveitenda er a.m.k. 11,5%.
- Tryggingagjald.
 - Almenn tryggingagjald er 6,35%. Viðbótartryggingargjald eða viðbótartryggingar geta átt við ákveðnar starfsstéttir. Einnig koma til greiðslur til starfsendurhæfingarsjóðs VIRK sem er 0,10% af heildarlaunum.
- Nettó tekjuskattur og útsvar starfsfólks
 - Vísað er til heimasíðu Skattsins hvað varðar tekjuskatts- og útsvarshlutfall.
- Gistináttaskattur var tímabundið felldur niður í kjölfar heimsfaraldursins en verður tekinn upp á ný um næstu áramót.
 - Skatturinn verður 300 kr. á sólarhring fyrir hvern einstakling sem nýtir sér gistaðstöðu. Í frumvarpinu segir:
 - Greiða skal gistináttaskatt fyrir gistaðstöðu á:
 - a. gististað sem hefur rekstrarleyfi í flokki II–IV, sbr. 3. gr. laga um veitingastaði,
 - gististaði og skemmtanahald, nr. 85/2007,
 - tjaldstæði og stæði fyrir húsbíla, tjaldvagna, fellihýsi og hjólhýsi,
 - skemmtiferðaskipi á meðan það dvelur í höfn hér á landi eða annars staðar á tollsvæði ríkisins, sbr. 2 gr. tollalaga, nr. 88/2005.
- Varaflugvallargjald var innleitt í lög árið 2023 en það felur í sér að að 200 kr. gjald verður lagt á alla farþega. Tengifarþegar greiða þó aðeins fyrir annan fluglegginn þegar þeir millilenda.
- Styrkir frá hinu opinbera til ferðaþjónustunnar og annarra tengdra málefna:
- Almenn séð er skattspor ferðaþjónustunnar í heild, brotið niður á mismunandi skattstofna, sambærilegt við það sem hefur verið gert fyrir sjávarútveginn. Nánar tiltekið er tilgreint hvaða fjármunum skattstofnar ferðaþjónustunar eru að skila til hins opinbera, þ.e. ríkis og sveitarfélaga. Þá er átt við bæði beina og óbeina skatta.

Pröngt skattspor einkennandi greina ferðaþjónustunnar en það er hærra skv. rauntölum
Fjöldi starfsmanna innan ferðaþjónustu var áætlaður 26.297 á árinu 2022

Skattspor einkennandi greina ferðaþjónustunnar	Áætlað skattspor 2022
Áætlaður tekjuskattur fyrirtækja í einkennandi greinum ferðaþjónustu – meðaltal 2015 til 2019	5,862,400,000
Mótframlag atvinnurekenda í lífeyrissjóð og séreign af meðalheildarlaunum – kr. 539.078,- á mánuði	26,537,756,022
Tryggingargjald af meðallaunum – kr. 539.078,- á mánuði	12,260,501,977
Tekjuskattur og útsvar launþega af meðallaunum	33,446,654,441
Áætlaðir fasteignaskattar á gististaði og veitingastaði	3,807,195,000
Samtals skattspor ferðaþjónustunnar fyrir utan virðisaukaskatt – krónur	81,914,507,440

*Reiknaður var út áætlaður fasteignaskattur samkvæmt reiknilíkani Sambands íslenskra sveitarfélaga.
 Tekjuskattur fyrirtækja var áætlaður sem meðaltalstekjuskattur samkvæmt ársreikningum áranna 2015–2019.*

Skattspor einkennandi greina ferðaþjónustunnar	Áætlað skattspor 2022
Áætlaður tekjuskattur fyrirtækja í einkennandi greinum ferðaþjónustu – meðaltal 2015 til 2019	5,862,400,000
Mótframlag atvinnurekenda í lífeyrissjóð og séreign af meðalheildarlaunum – kr. 539.078,- á mánuði	26,537,756,022
Tryggingargjald af meðallaunum – kr. 539.078,- á mánuði	12,260,501,977
Tekjuskattur og útsvar launþega af meðallaunum	33,446,654,441
Áætlaðir fasteignaskattar á gistiheimili og veitingastaði	3,807,195,000
Samtals skattspor ferðaþjónustunnar fyrir utan virðisaukaskatt – krónur	81,914,507,440
Virðisaukaskattur (útskattur) efra þrepi (24%) – eigin útreikningar	23,103,160,118
Virðisaukaskattur (útskattur) lægra þrepi (11%) – eigin útreikningar	39,868,120,235
Samtals skattspor ferðaþjónustunnar fyrir án innskatts VSK – krónur	144,885,787,793

Óskað var eftir sérvinnslu frá Hagstofu Íslands um greiddan útskatt eftir þrepum VSK og er niðurstaðan sú að einkennandi greinar ferðaþjónustu greiddu samtals um 63 milljarða króna í útskatt

Með útskatti og án styrkja er heildarskattspor ferðaþjónustunnar tæpir 145 milljarðar króna

Skattspor einkennandi greina ferðapjónustunnar	Skattspor 2022 – krónur
Áætlaður tekjuskattur fyrirtækja í einkennandi greinum ferðapjónustu	6,366,000,000
Mótframlag atvinnurekenda í lífeyrissjóð og séreign af meðalheildarlaunum – kr. 597.980,- á mánuði	29,098,203,480
Tryggingagjald af meðallaunum – kr. 597.980,- á mánuði	13,443,472,944
Tekjuskattur og útsvar launþega af meðallaunum	39,615,791,784
Áætlaðir fasteignaskattar á gististaði og veitingastaði	3,807,195,000
Samtals skattspor ferðapjónustunnar fyrir utan virðisaukaskatt – krónur	92,330,663,208
Virðisaukaskattur (útskattur) efra þrepi (24%) – eigin útreikningar	23,161,540,000
Virðisaukaskattur (útskattur) lægra þrepi (11%) – eigin útreikningar	39,984,880,000
Samtals skattspor ferðapjónustunnar fyrir án innskatts VSK – krónur	155,477,083,208


Uppfært bráðabirgðaskattspor m.v. nýbirta ársreikninga einkennandi greina ferðapjónustunnar

Nýjar tölur um rekstur og efnahag birtust á vef Hagstofu Íslands þann 6. desember 2023

Skattsporið er birt hér til bráðabirgða


Skattastyrkir til ferðaþjónustunnar

- Fyrirtæki í ferðaþjónustu njóta þess að fá endurgreiddan innskatt af kaupum á vöru og þjónustu allt að því þar til að endanlegur neytandi t.d. gisti- eða veitingaþjónustu greiðir endanlegt verð með VSK.
- Innskattur einkennandi greina ferðaþjónustunnar var á árinu 2022 samtals 59,1 milljarður króna. Þetta er endurgreiðsla á skatti sem skilað var í ríkissjóð frá þriðja aðila eða birgjum.
 - Eins og komið var að eru ýmsir aðilar með töluverðar sértekjur af ferðaþjónustu. Hér má nefna lendingargjöld, hafnargjöld, gjöld af vitum, sértekjur þjóðgarða og svo mætti lengi telja. Í þessari greiningu er ekki sérstaklega vikið af þessum sértekjum.
- *Styrkir og skattastyrkir til ferðaþjónustunnar*
- Stuðningur hins opinbera við ferðaþjónustuna var töluverður í heimsfaraldrinum á árunum 2020 til 2021. Þessir styrkir fóru minnkandi á árinu 2022 en þrátt fyrir það þykir rétt að draga þá frá skattspori.
- Fjármála- og efnahagsráðuneytið setur fram útreikninga á virðisaukaskattspori ferðaþjónustunnar í fjárlagafrumvarpi ársins 2024. Vegna þess að margar af einkennandi greinum ferðaþjónustunnar eru í tveimur skattþrepum þá myndast hjá ríkissjóði það sem nefnt er skattastyrkur eða ófangaðar tekjur af skatttekjum í neðra þrepi. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2024 segir:
 - „Einnig má nefna að stór hluti skattastyrkja er á málefnasviði ferðaþjónustu vegna skattlagningar ýmissar ferðaþjónustu í neðra VSK-þrepinu og hefur umfang þeirra aukist á ný með viðspyrnu ferðaþjónustunnar 2022 og 2023.“ Skattastyrkir til ferðaþjónustunnar á árinu 2022 eru áætlaðir 27,1 milljarður króna en 29,4 milljarðar króna á árinu 2023.
- Ef einkennandi greinar ferðaþjónustunnar væru allar í efra þrepi VSK þá væri skattsporið enn hærra eða sem samsvarar skattastyrknum.



■ Hlutféll einkennandi greina ferðaþjónustunnar af heildartekjum viðskiptahagkerfisins að undanskilinni lyfjaframleiðslu, sorphirðu, fjármála- og váttryggingastarfsemi

Heimild: Hagstofa Íslands



— Hagnaður einkennandi greina ferðaþjónustunnar sem hlutfall af heildartekjum (skv. ársreikningi)

— Hlutféll hagnaðar í viðskiptahagkerfinu af heildartekjum

Heimild: Hagstofa Íslands

Eftir mikið uppbyggingartímabil er næsta verkefni að bæta arðsemi í ferðaþjónustu þannig að hún verði á pari við viðskiptahagkerfið

Líklega ekki rétti tímunkturinn til aukinnar skattlagningar og gjaldtöku á einkennandi greinar ferðaþjónustunnar

Niðurstöður og ályktanir

- Dreifing launa er mjög mikil innan ferðaþjónustunnar. Allt frá hálaunafólki, eins og flugmenn til launþega er vinna á lægstu launatöxtum. Taka ber fram að við útreikninga var reynt að horfa til launþega sem eru í fullu starfi innan atvinnugreinarinnar. Fjöldi launþega í greiningu skattsporsins er því færri en sá fjöldi sem opinberir aðilar telja fram. Í útreikningunum er gert ráð fyrir að launþegar fullnýti persónuafslátt sinn.
- Samkvæmt niðurstöðum skýrslunnar er þröngt skattspor ferðaþjónustunnar um 82 milljarðar króna.
 - Nefna má að fjögur stórfyrirtæki í ferðaþjónustu hafa opinberað að skattspor þeirra sé yfir 42 milljarðar króna. Eitt þessara fyrirtækja hefur tekjur af því að flytja erlenda ferðamenn utan landsteinanna.
- Ef horft er til viðtækari áhrifa ferðaþjónustu eða sem er kallað er í þessari skýrslu vítt skattspor þá er það um 145 milljarðar króna. Það er fengið með því að leggja við þrönga skattsportið útskatt virðisaukaskatts í einkennandi greinum ferðaþjónustu ásamt því að draga frá opinbera styrki til einkennandi greina ferðaþjónustunnar.
- Þær áskoranir sem ferðaþjónustan stendur frammi fyrir er að auka arðsemi greinarinnar sem er almennt lægri en viðskiptahagkerfinu. Án efa munu stjórnendur ferðaþjónustufyrirtækja hafa þetta í huga ásamt því að nýta betur þær miklu fjárfestingar sem ráðist hefur verið í á undanförunum árum.
- Íslensk stjórnvöld vinna nú að ferðamálastefnu til 2030 sem mun gera enn betri grein fyrir efnahags- sem og samfélagslegum áhrifum ferðaþjónustunnar.
 - [Spennandi verður að sjá niðurstöður þeirra stefnu.](#)



Takk fyrir

info@reconomics.is